



## 51. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn á Teams miðvikudaginn 29. mars 2023 á Teams og hófst fundurinn kl. 13.00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Soffía Gísladóttir, Guðjón M. Ólafsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Sigurður Þór Guðmundsson boðaði forföll.

### 1. Árspaning 2023

Lögð fram endanleg drög að dagskrá ársþings SSNE sem haldið verður 14.-15. apríl næstkomandi.

*Stjórn samþykkir framlögð drög og felur framkvæmdastjóra að senda dagskrána og önnur þinggögn til þingfulltrúa.*

### 2. **Breytingar á samþykktum SSNE**

Rætt um ólíkar útfærslur á kostnaðarskiptingu vegna mögulegra breytinga á fjölda í stjórn SSNE. Einnig rætt um breytingar á samþykktum SSNE sem lagðar verða fyrir ársþing SSNE í apríl, einkum hvað varðar gildistöku breytinganna.

*Stjórn samþykkir framlagðar breytingartillögur og felur framkvæmdastjóra að senda út til þingfulltrúa.*

### 3. **Skipan í stjórn SÍMEY**

Borist hefur beiðni um að SSNE skipi aðal- og varafulltrúa, karl og konu, í stjórn SÍMEY til tveggja ára. Þetta snýr að sveitarfélögunum í Eyjafirði, utan Akureyrarbæjar.

*Stjórn samþykkir að skipa Árný Þóru Ágústsdóttur, Svalbarðsstrandarhreppi sem aðalfulltrúa og Þorgeir Rúnar Finnsson, Grýtubakkahreppi sem varafulltrúa í stjórn SÍMEY til næstu tveggja ára.*

### 4. **Mál til umsagnar**

- [Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum og búnaðarlögum \(verðlagsnefnd, undanþágur frá samkeppnislögum, verðjöfnunargjöld\).](#)
- [Tillaga til þingsályktunar um flutning höfuðstöðva Raríks ohf. á landsbyggðinni.](#)

*Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda inn umsögn í samráði við stjórn.*

### 5. **Mál til kynningar**

- [Fundargerð 87. fundar stýrihóps um byggðamál.](#)

**6. Önnur mál**

- a. Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra

*Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því sem efst hefur verið á baugi síðustu vikur í starfsemi SSNE.*